

# Lög

## um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

---

### 1. gr.

Í stað orðsins „Vígslumaður“ í 2. másl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Könnunarmaður.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili hér á landi.
- b. Í stað orðsins „hún“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: könnunin.
- c. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu könnunarvottorðs.
- d. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:  
Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.
- e. Í stað orðanna „vígslumaður“ og „vígslumanns“ í 2. mgr. kemur: könnunarmaður, og: könnunarmanns.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „vígslumanns“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: könnunarmanns.
- b. Í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 30 daga.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2001.

---

*Samþykkt á Alþingi 15. maí 2001.*